

**11. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 9. janúar 2019 klukkan 8:30**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Egill Sigurðsson sem varamaður Ágústu Guðmarsdóttur, Brynja J. Jónasdóttir, Nanna Jónsdóttir sem varamaður Elínar Grétarsdóttur, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir komu fram.

**1. Fundargerðir til samþykktar:**

- 1.1. 58. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.  
Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti kaup á iðnaðarhúsnæði að Dynskálum 49 undir nýja slökkvistöð að Hellu og veitir vilyrði fyrir ábyrgð á lánum vegna fjárfestingarinnar. Jafnframt heimilar hreppsnefnd Ásahrepps fyrir sitt leyti vinnu við undirbúning verðkönnunar eða útboðs vegna innréttingar slökkvistöðvarinnar í framhaldinu.

**2. Fundargerðir til kynningar:**

- 2.1. 62. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.  
2.2. 540. fundur stjórnar SASS.  
2.3. 541. fundur stjórnar SASS.  
2.4. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 10. október 2018.  
2.5. 866. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**3. Tölvuskeyti Ágústu Guðmarsdóttur, dags. 4. janúar 2019; beiðni um lausn frá störfum í hreppsnefnd Ásahrepps.**

Lagt fram tölvuskeyti Ágústu Guðmarsdóttur þar sem hún óskar eftir því við hreppsnefnd að henni verði veitt lausn frá störfum í hreppsnefnd Ásahrepps út kjörtímabilið.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir beiðni Ágústu Guðmarsdóttur samhljóða og þakkar henni fyrir góð störf.

**4. Innsend bréf og erindi:**

- 4.1. Tölvuskeyti Íþróttafélagsins Garps, dags. 21. desember 2018; styrkbeiðni.  
Lagt fram tölvuskeyti Íþróttafélagsins Garps þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs félagsins á árinu 2019. Óskað er eftir styrk sem nemur kr. 1.000 á hvern íbúa Ásahrepps. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk enda er gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárhagsáætlun 2019.

- 4.2. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 14. desember 2018; ósk um tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðanefnd.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftirfulltrúa umhverfisnefndar í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Lögð fram tillaga að tilnefna sem fulltrúa Ásahrepps:

Ingibjörg Sveinsdóttir og til vara Vilberg Skúlason.

Samþykkt með 3 atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GG), tveir sitja hjá (ES og NJ).

- 4.3. Tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 17. desember 2018; boð um kynningu á Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland.  
Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands þar sem kynnt er skýrslan „Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland“. Jafnframt er fulltrúum hreppsnefndar, fulltrúum í atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálnefndar og umhverfisnefndar boðin kynning á áætluninni og hugmyndir um hvernig hægt er að nýta þessa vinnu sem átti sér stað í verkefninu.  
Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar gott boð og sveitarstjóra falið að finna út hvernig og hvenær best væri að koma slíkri kynningu við.


**5. Bréf og erindi til kynningar:**


- 5.1. Tölvuskeyti SASS dags. 3. janúar 2019; almenningsamgögnur á Suðurlandi tryggðar út árið 2019.  
5.2. Tölvuskeyti Umhverfisstofnunar, dags. 18. desember 2018; svar við bókun Ásahrepps á 8. fundi, 21. nóvember 2018.  
5.3. Bréf Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dags. 13. desember 2018; Deiliskipulag íbúðar- og landbúnaðrarlóða í landi Hellatúns 1, L165286.


**6. Fundur með Lögreglustjóra á Suðurlandi.**


Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, Oddur Árnason og Björn Ingi Jónsson mættu á fund hreppsnefndar til að fara yfir stöðu lögreglunnar á Suðurlandi og almannaavarna.


Fundargerð yfirlesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.


  
Ásta B. Ólafsdóttir

  
Guðmundur Gíslason

  
Brynja J. Jónasdóttir

  
Egill Sigurðsson

  
Nanna Jónsdóttir

  
Valtýr Valtýsson